Kvæði um ferð eldri borgara á Stokkseyri
11. september 1976. Ort hefur Guðmundur
Jónsson. Flutt á " opnu húsi " 13. nóv. 1976.

Mottó:
Sérleyfið á Selfossi
er sæmdar félag stjórnaði.
Hafði boðið bílinn sinn,
brátt það þáði presturinn.

1. Frá Kumbaravogi lögð var leið,
leið um Flóa og upp um Skeið.
Valgeir setti valinn mann
við ágætan hljóðnemann.

2. Þessi maður valinn var
víst til ferðaglöggvunar.
Lýst var öllu bæ frá bæ,
býsna litlu dreift á glæ.

3. Ýmsan fróðleik fengum vér
er festi hver í minni sér.
Glöggt hann lýsti leiðunum,
líka er hann af Skeiðunum.

4. Áður var víst áformað,
að heimsækja Skálholtsstað.
Yfir fórum Iðubrú,
engin ferja sézt þar nú.

5. Hjólagandur áfram óð,
erum við brátt á söguslóð.
Í Laugarási er líf í rann
lifnar allt við jarðhitann.

6. Enn var haldið lagða leið,
leiðin sú var harla greið.
Stuttu aðeins eftir það,
erum við á Skálholtsstað.

7. Í Skálholtskirkju gengum greitt,
Guðs orð flutt var, - ekki neitt.
Kista þarna í kirkju var,
koma beið þar greftrunar.

8. Hópurinn var fróðleiksfús,
fór að skoða veglegt hús.
Séra Valgeir sagði þá,
sögu Skálholts til og frá.

9. Fleira skoða skyldum vér,
skammt í frá hér skóli er.
Ljúft er að skoða Lýðskólann,
lærður klerkur fræddi um hann.

10. Höklaver með hreina trú,
hafði orðið, hlustum nú.
Glöggt hann flutti fróðleiksmál,
fæst þó geymi okkar sál.

11. Rölt var svo um ranghalann,
réttast þótti að skoða hann.
Enginn villtist inni þar
um krókóttu leiðirnar.

12. Komum svo í kjallarann,
kært oss var að skoða hann.
Í volgum straumum vatnið rann,
fyrir fólksins tilstuðlan.

13. Áfram hélt svo enn um sinn,
Okkar traustí farskjótinn.
Í traustum höndum vís hann var,
við það glöddust félagar.

14. Alla fræðslu að sér tók,
eins og væri skráð á bók.
Oss til fræðslu svo um sinn,
sjálfur Bakka- presturinn.

15. Inn með Þjórsá leiðin lá,
ljúft var presti að segja frá,
ýmsum gömlum örnefnum,
einnig bæjanöfnunum.

16. Allir báru létta lund,
ljómaði sól um Hreppa-grund.
Í Árnesi svo innar þar,
okkar biðu veitingar.

17. Svo var haldið leið sem lá,
lystin fór að aukast þá,
Nálguðumst svo Árnes skjótt,
af tilhlökkun spennt var drótt.

18. Héldum loksins hratt í hlað,
hátíðlega verkar það.
Inn svo gengum glæsta í höll,
glöð í huga vorum öll.

19. Síðan var hér setzt við borð,
sagði varla nokkur orð.
Allir biðu átektar,
inn svo steikin borin var.

20. Veglegt hófst svo veizluhald,
er verður skráð á söguspjald.
Vel sé þeim er veitti oss,
verðugt gjald er þakkar koss.

21. Borðað var með ljúfri lyst,
lambakjötið allra fyrst.
Síðan ís og ávextir,
og svo kaffi er tilheyrir.

22. Eftri borðhald afstað ið,
ekki var á neinu bið,
unz var haldið enn af stað
og svo Búrfells rennt í hlað.

23. Mælt var sjónum mannvirkið,
mikla fræðslu fengum við.
Landsvirkjunin ljúft með geð,
lofaði kaffi og nógu með.

24. Síðan var hér setzt í rann,
sæmileg ur reyndist hann.
Ríkulega reitt var fram,
reyndust kökur namma nam.

25. Þökk var innt í þessum stað,
þekkur klerkur gjörði það.
Síðan héldu allir út,
alveg fullir upp í stút.

26. Svo var haldið leið sem lá,
lamgaði alla til að sjá,
sögualdar byggðan bæ,
byggður er hann lengst frá sæ.

27. Hann er mikið mannvirki,
margt ber vott um vandvirkni.
Voru menn að vinna þar,
við að tyrfa þekjurnar.

28. Svo var hugsað heim á leið,
hugðumst skoða það sem beið.
Magnús fróður svo með sann,
settur var við hljóðnemann.

29. Lýsa tók hann leið um kring,
landslagi og fjallahring.
Ekki sáust austurfjöll,
en í móu sveipuð öll.

30. Lýsingin var góð og glögg,
gjörð var hún af fullri rögg.
Okkur virtist enginn stanz
á glöggskyggni og fróðleik hans.

31. Vona lýsing sögð í ferð
er sannarlega mikils verð,
þegar leiðin ókunn er,
eins og líka reyndist hér.

32. Gömlum huga gleymist skjótt,
þótt gjört sé vel og frædd sédrótt.
Eitthvað verður eftir þó,
ef að hugsað er með ró.

33. Enn var haldið leið sem lá,
lýst var ýmsu til og frá.
Heldur tók að halla á dag,
heppnað vort er ferðalag.

34. Að Skarði gengum Guðs í hús,
glöð til fræðslu reyndist fús,
húsfreyjan með hýra brá,
af hlýleik ýmsu sagði frá.

35. Birtast var um litla stund,
logn var bæði um sæ og grund.
Svo var þarna sungið vers,
söfnuður var fús til þess.

36. Halda tókum heim á leið,
um Holtin bílnum skellt á skeið,
sífellt Magnús sagði frá,
sá var ekkert blávatn þá.

37. Svo var haldið leið sem lá,
ljómaði gleði á hverri brá.
Yfir Þjórsá putum enn,
þekktir staðir birtast senn.

38. Svo var rennt í Selfosshlað,
síðan kvaddi ég fólkið það,
sem mér veitti vinar þel,
er verðskuldað ég ekki tel.

39. Þökk sé ykkur öllum hér,
upplyfting sem veitt að mér.
Lyfti ykkur lukkan hæst,
lifið heil unz sjáumst næst.